

Starfskjarastefna

Starfskjarastefna Brynju leigufélags ses. er samin í samræmi við stefnu stjórnar félagsins um hóflegar launagreiðslur, lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri og með hliðsjón af 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stefnan miðar að því að starfskjör félagsins séu samkeppnishæf en hófleg og að félagið geti ráðið og haldið í hæfa starfsmenn til að standa vörð um hlutverk félagsins.

Starfskjör

Starfskjör skulu vera samkeppnishæf við kjör hjá sambærilegum félögum sem starfa á óhagnaðardrifnum grunni. Launakerfi félagsins skal hafa jafnræði að leiðarljósi og skal greiða sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.

Stjórn og fulltrúaráð

Stjórnarmönnum er greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Þóknun fulltrúaráðs skal ákvörðuð af fenginni tillögu sem er lögð fyrir aðalfund og skal taka mið af þóknunum fyrir fundarsetur á vegum hins opinbera. Aðrar greiðslur til stjórnar eða fulltrúaráðs skal bera undir stjórn eða fulltrúaráð til samþykktar.

Framkvæmdastjóri

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Laun framkvæmdastjóra eru endurskoðuð árlega í samræmi við markmið starfskjarastefnu félagsins.

Aðrir starfsmenn

Framkvæmdastjóri ræður alla starfsmenn félagsins. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við markmið starfskjarastefnu félagsins.

Starfslok

Ekki skal gera samning við starfsmenn eða stjórnendur sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur þess samkvæmt lögum og kjarasamningum, nema með samþykkt stjórnar.

Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Eftirfylgni, endurskoðun og samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Brynju er samþykkt af stjórn sem leggur hana fyrir aðalfund fulltrúaráðs. Starfskjarastefna skal vera endurskoðuð árlega af stjórn félagsins.

Stefna þessi tók gildi þann 28. september 2023.